

Miðvikudaginn 2. nóvember 1988.

Nr. 351/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**Ragnari Erni Eiríkssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins, hinn 30. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 1. nóvember sl. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

### **Úrskurður sakadóms Ísafjardarsýslu 30. október 1988.**

Ár 1988, sunnudaginn 30. október er á dómþingi sakadóms Ísafjardarsýslu, sem háð er í lögreglustöðinni á Ísafirði af Katrínu Hilmarsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglan á Ísafirði hefur krafist þess að Ragnari Erni Eiríkssyni, Grýtu-  
bakka 30, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 6. nóvember nk. kl. 21:00.

Að kvöldi föstudagsins 28. október eða aðfaranótt laugardagsins 29. október sl. var brotist inn í lyfjaverslun sem er í heilsugæslustöðinni á Þingeyri og stolið þaðan lyfjum, sprautum og sprautunálum.

Aðalsteinn B. Aðalsteinsson, til heimilis að Brekkugötu 20 á Þingeyri, hefur játað fyrir lögreglu að hafa brotist inn í lyfjaverslunina og stolið þaðan lyfjum, sprautum og sprautunálum, og hefur hann borið að kærði,

Ragnar Örn, hafi verið með honum við innbrotið og að hann hafi líka tekið þaðan lyf o.fl. Kveður kærði Aðalsteinn að þeir hafi síðan farið í „partý“ að Brekkugötu 40 og hafi þeir báðir neytt hluta af lyfjunum þar, þ.e. þeir hafi sprautað sig í æð þar inni á salerninu.

Kærði Ragnar Örn hefur borið, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi verið í „partýi“ í húsi á Þingeyri umrædda nótt og hafi hann farið þangað með kærða Aðalsteini.

Kærði Ragnar Örn hefur hins vegar þvertekið fyrir að hafa brotist inn í lyfjaverslunina og kveðst engra lyfja hafa neytt og engin lyf hafa séð hjá kærða Aðalsteini og kveður hann að kærði Aðalsteinn hafi ekki minnst á nein lyf.

Húsráðandi að Brekkugötu 40 á Þingeyri, Valdis Bára Kristjánsdóttir, og önnur stúlka sem var gestkomandi í húsinu umrædda nótt hafa báðar borið fyrir lögreglu að kærðu hafi komið þar um nóttina. Hafa þær báðar borið að kærðu, Aðalsteinn og Ragnar Örn, hafi farið a.m.k. tvisvar saman inn á salernið og dvalist þar drykklanga stund. Valdis Bára hefur borið að eftir að kærðu voru farnir úr húsinu hafi hún séð blóðslettur í baðherberginu, m.a. á vaski, baðkeri og á gólfi.

Kærði Ragnar Örn hefur borið, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi, að hann hafi verið með kærða Aðalsteini að kvöldi 28. október sl. er þeir sátu að drykkju að Brekkugötu 20, svo og um nóttina, þar til Aðalsteinn yfirlagði samkvæmið að Brekkugötu 40 og kærði Ragnar Örn nokkru síðar. Kveðst kærði Ragnar Örn ekki minnst þess að þeir hafi orðið viðskila um kvöldið eða nóttina, fyrr en Aðalsteinn fór heim að sofa, þótt hann útiloki ekki að svo kunni að hafa verið. Ber hann fyrir sig að hann hafi verið mjög drukkinn.

#### *Niðurstaða:*

Með hliðsjón af framburði kærða Aðalsteins Aðalsteinssonar, sem hefur játað fyrir lögreglu að hafa brotist inn í lyfjaverslunina, tekið þaðan lyf ásamt sprautum og sprautunálum umrædda nótt og ber að kærði Ragnar Örn hafi verið með honum við innbrotið, að kærði Ragnar Örn hafi einnig tekið þaðan lyf o.fl. og að þeir hafi báðir farið inn á salernið að Brekkugötu 40 og neytt hluta af lyfjunum þar, og með hliðsjón af framburði vitna sem bera að kærðu hafi farið saman inn á salernið að Brekkugötu, svo og því að kærði Ragnar Örn hefur borið að hann og Aðalsteinn hafi verið saman allt kvöldið og alla nóttina og minnst þess ekki að þeir hafi orðið viðskila, og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu lögreglunnar á Ísafirði til greina að fullu, enda kærði undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, sem varðað

getur hann fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi þessu ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 6. nóvember nk. kl. 21:00.

Mánudaginn 7. nóvember 1988.

Nr. 22/1987. Akraneskaupstaður

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

**Birni Jónssyni og**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

**Björn Jónsson**

gegn

**Akraneskaupstað,  
menntamálaráðherra og**

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Skaðabætur. Grunnskólalög.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1987. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að krafa gagnáfrýjanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.